

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1996




II

VETTVANGSKÖNNUN
vegna fyrirhugaðs kirkjugarðs
í landi Mosfells í Mosfellsbæ

6. mars

Ragnheiður Traustadóttir

FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
REYKJAVÍK 1996



Leifar eyðibýlisins Hittu og tveggja útihúsa eru innan hringsins við ána. Hugsanlegt er að kirkja hafi staðið innan efri hringsins.

© Þjóðminjasafn Íslands/Ragnheiður Traustadóttir
Rit þetta má afrita að fengnu skriflegu leyfi höfundar.

INNGANGUR

Vestan við Mosfellskirkju í Mosfelli er fyrirhugað að gera kirkjugarð. Í umsögn Sigurðar Bergsteinssonar, fornleifafræðings hjá Þjóðminjasafni Íslands, um skipulagið á svæðinu (1995), er mælt með 1) lauslegri könnun með könnunaruppgreftri á hjáleigum, en 2) eindregið með því að rannsakað verði nánar “allt það svæði sem fyrirsjáanlega verður fyrir jarðraski vegna þessara framkvæmda” nálægt eða á bæjarstæðinu á Mosfelli. Umsögn Sigurðar byggist á fornleifaskráningu Ágústar Ólafs Georgssonar (1980) og rannsókn undir stjórn Jesse Byocks (1995).

Í umsögninni segir að samkvæmt fornleifaskráningunni eigi að hafa staðið lítið kot, sem hét Hitta (nr. 108), í túninu vestan Mosfells. Nokkru ofan og norðan við Hittu eigi að hafa staðið önnur hjáleiga að fornu, sem hét Mörk (Magnús Grímsson 1886, bls. 260) eða Merkurvöllur (athugasemd í örnefnaskrá Örnefnastofnunarinnar, undir Mosfell, Kjósarsýslu). Enn fremur er í umsögninni getið um rústir, sem fundust í september 1995 undir malarveginum norðan við Mosfellskirkju, en þær eru sagðar geta hugsanlega verið leifar miðaldakirkjunnar á þessum stað. Loks er greint frá leifum tveggja útihúsa, niður við ána Köldukvísl, skammt frá Hittu.

Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri hjá Þjóðminjasafninu, fól mér undirritaðri að framkvæma vettvangskönnun á umræddu svæði. Könnunin var framkvæmd hinn 6. mars og lögðu mér lið Jóhann Björnsson sóknarnefndarmaður og Bjarki Bjarnason sagnfræðingur, en báðir eru vel kunnugir þessu svæði.

KÖNNUNIN

Hitta

Upphækkun er, þar sem Hitta á að hafa staðið. Glögglega má sjá að hóllinn er ekki náttúrliga myndaður, en samkvæmt því sem Bjarki Bjarnason segir, var hann töluvert hærri, áður en túnin voru sléttuð fyrir um það bil 30 árum. Af þessum sökum er erfiðara en ella að gera sér grein fyrir umfangi rústarinnar.

Auk þeirra heimilda, sem í inngangi greinir, er Hittu getið í Jarðatali á Íslandi sem gefið var út af J. Johnsen í Kaupmannahöfn 1847. Með því að land þetta var yrkt og metið sér árið 1802, má leiða að því getum, að þar hafi staðið kot frá aldamótunum 1800.

Mörk eða Merkurvöllur

Þar sem segir að Mörk eða Merkurvöllur hafi staðið, eru engar sjáanlegar rústir á yfirborðinu. Bjarka Bjarnasyni rekur ekki minni til að hér hafi neitt bent til fornrar mannabyggðar áður en tún voru sléttuð.

Útihús við Köldukvísl

Um er að ræða lítið hús, eitt en ekki tvö, hrúnið, úr grófri steinsteypu, sem notað var sem útihús fram á síðari tíma, en gæti hafa verið kartöflugeymsla í öndverðu.

NIÐURSTÖÐUR

Samkvæmt skipulaginu liggur Hitta á miðju áformuðu athafnasvæði. Nauðsynlegt er að gera fornleifafræðilega forkönnun á rústinni áður en framkvæmdir hefjast, sem valda raski innan tuttugu metra radiuss frá henni. Veltur framhald framkvæmda á þeirri athugun. Legg ég til að Hitta verði könnuð með könnunarskurðum svo fljótt sem verða má.

Verður að krefjast þess til vara, að Hittu sé sérstaklega gætt og ekki spillt, hefjist framkvæmdir við 1. áfanga áður en forkönnunin hefur farið fram.

Ekki sér rústa stað, þar sem hjáleigan Mörk eða Merkurvöllur er sögð hafa staðið, norðan við Hittu. Þess vegna verður ekki séð að 1. áfangi framkvæmdanna, norðvestur af Hittu, raski fornminjum og er ástæðulaust að reisa rönd við þeim, svo fremi að farið verði gætilega fram, því að fornar minjar geta leynst í jörðu á svo sögufrægum slóðum, þótt ekki beri á þeim á yfirborðinu.

Stöðva verður framkvæmdir þegar í stað og kalla til fornleifafræðing, finnist fornleifar meðan á framkvæmdum stendur.

Útihúsin við Köldukvísl eru ekki fornminjar.

Fornleifarannsókn hefur staðfest að forn mannvirki séu í jörðu norðan við kirkjuna á Mosfelli og heimildir benda til að þar hafi verið kirkja og kirkjugarður á miðöldum. Á skipulagsteikningu af svæðinu sést að framkvæmdir eru fyrirhugaðar nálægt eða á þeim stað. Með því einnig að Mosfell er talið með helstu höfðingjasetrum Íslands frá upphafi byggðar og það kann að hafa staðið í námunda við kirkjuna, verður að fara fram

nákvæm fornleifarannsókn, áður en unnt er að hefja framkvæmdir sem valda jarðraski á þessum stað.

HEIMILDIR

Sigurður Bergsteinsson 1995: Umsögn vegna fyrirhugaðs kirkjugarðs í landi Mosfells í Mosfellsbæ.
Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands.

J. Johnsen 1847: Jarðatal á Íslandi með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1855 (sic) - 1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn.

Gert hinn 22. mars 1996

Ragnheiður Traustadóttir